

Ályktanir aðalfundar Félags landnema á Fellsmörk 3. maí 2012.

Aðalfundur Félags landnema á Fellsmörk ályktar

Félagið fagnar vegaf framkvæmdum og gerð varnargarðs á austur svæði Fellsmerkur.

Vonast landnemar eftir að gerð þeirra standist áhlaup Lambár og Hafursár og leysi vandamál okkar á austursvæði Fellsmerkur til frambúðar.

Þá vonast félagar eftir að drifið verði í samsvarandi framkvæmdum á vestursvæðinu og að framhald verði á öðrum úrbótum á Fellsmörk, til hagsbóta fyrir landnema.

Bent er á ástandsskýrslu landnema til Skógræktarfélagsins og verkefnalista henni meðfylgjandi.

Aðalfundur Félags landnema á Fellsmörk ályktar.

Aðalfundur Félags landnema á Fellsmörk hvetur Landbúnaðarráðherra og Skógræktarfélag Reykjavíkur til að ganga frá þinglýsanlegum leigusamningum við þá leigutaka sem eru með lönd á leigu á Fellsmörk í Mýrdalshreppi.

Jafnframt hvetur aðalfundur félagsins Landbúnaðarráðherra og Skógræktarfélag Reykjavíkur til að gera gangskör að því að landa samningi um Fellsmörk.

Félagsmenn telja það óásættanlegt og illskiljanlegt að ekki sé hægt að leysa þessi mál, því vilji er fyrir því hjá báðum aðilum.

Landnemar á Fellsmörk hafa búið við óvissu og óöryggi um stöðu sína um ára bil og vilja gjarnan fara að fá úrlausn sinna mála.